

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2017

2019/EES/40/05

frá 7. júlí 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/686 frá 1. febrúar 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/96 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við lið 40c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 0686:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/686 frá 1. febrúar 2017 (Stjúd. ESB L 99, 12.4.2017, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/96, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 99, 12.4.2017, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.